

## Um tálmanir á umgengisrétti við börn – pistill 12.05-2017

Sumum er væntanlega kunnugt um, að fyrir Alþingi voru liggur fyrir frumvarp þess efnis, að tálmanir foreldra á umgengni við börn sín skuli refsiverð, þ.e. að meina hinu foreldrinu (og ættingjum þess venjulega einnig) umgengni við barn sitt. Öllum ætti að vera ljóst, hversu þroskaspillandi slíkur hráskinnaleikur er hlutaðeigandi börnum (og fullorðnum einnig). Mæður eru í miklum meirihluta þeirra, sem sýna þessa óyndishegðun. Enda þótt ekki sé kveðið á um refsingu í lögum (aðrar en sektir reyndar), er slíkt ofbeldi bæði ósiðlegt og ólöglegt: Í 1. grein barnalaga segir t.d.: „Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.“ Í þeirri 20.: „Foreldrum ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum.“ Sú 46. er afdráttarlaus: Barn á rétt á að umgangast með reglubundnum hætti það foreldra sinna sem það býr ekki hjá, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti. Þegar foreldrar búa ekki saman hvílir sú skylda á þeim báðum að grípa til þeirra ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að þessi réttur barnsins sé virtur. Foreldri sem barn býr ekki hjá á í senn rétt og ber skylda til að rækja umgengni við barn sitt. Foreldri sem barn býr hjá er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema hún sé andstæð hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmæltis stjórnvalds.“ Þrátt skýran bókstaf laganna, svífur andi mæðrahyggjunnar yfir vötnum Alþingis og dómstóla. Konur komast upp með slíka svívirðu gagnvart börnum sínum og feðrum þeirra. Og þær eru því miður ekki fáar. Alþingi heykist á að afgreiða málið. Katrín Jakobsdóttir spyrnir við. Í Fréttablaðinu 11. maí 2017 segir hún m.a.: „Það er ekkert launungarmál að ég tel að það að hneppa foreldra sem ekki virða umgengisrétt í fangelsi sé ekki til þess fallið að leysa mál.“ Pawel Bartozek segir m.a. í sömu frétt: „[E]ru menn mikið að einbeita sér að því hvaða áhrif refsingar hefðu á mæður sem færu í fangelsi og börn þeirra. Við höfum ekki mikið spáð í sambærilegar spurningar þegar við ákveðum refsiramma fyrir önnur brot sem beinast langmest gegn körlum.“ Ætli Alþingismenn kunni skil á þeirri hryggilegt reynslu, að foreldrar (mæður) skella iðulega skollaeyrum við ráðgjöf sérfróðra, úrskurði sýslumanna og dómstóla, þegar þeir grípa til umrædds ofbeldis. Eiginleg viðurlög við slíku barnaofbeldi eru í raun engin. Sektir hafa reynst máttlitlar. Hvað lausnir bjóða Alþingismenn?